

Fólaþlát Völsungu



2016

Frá ritstjóra

Nú þegar desember er genginn í garð hefur lengi verið venja fyrir því að líta yfir farinn veg og gera upp árið. Jólblað Völsungs er frábær hefð til þess enda ekki tilviljun að fólk leggi á sig mikla vinnu til þess að koma blaðinu út. Von ríkir um að jólblaðið í ár verði jafn öflug heimild um starf Völsungs og jólablöð hafa verið á liðnum árum.

Að þessu sinni eru ekki gerðar stórvægilegar breytingar á blaðinu. Allar virkar deildir innan félagsins gera upp árið og gera grein fyrir árangri sínum. Að venju er að nógu af taka á þeim bænum. Formaður félagsins er með ávarp og jólahugvekja prestsins er á sínum stað. Íþrótt- og tómstundafulltrúi Norðurlægis er með pistil og sagt er frá upprennandi íþróttahetjum Völsungs sem eru að taka sín fyrstu skref innan félagsins í íþróttaskólanum.

Sögunefnd Völsungs er með grein en hún er mjög virk þessa dagana fyrir 90 ára afmæli félagsins sem er á næsta ári. Sérstök afmælisnefnd hefur verið stofnuð sem heldur utan um viðburði sem verða í tilefni afmælisins.

Stærð jólblaðsins er staðfesting á umfangsmiklu starfi félagsins. Það er ekki sjálfgefið að bæjarfélag af þessari stærðargráðu sé með svona margar virkar deildir og því ber að fagna. Ástæða þess er sú að hér eru margir sem leggja mikið á sig svo að starfið gangi upp. Vonandi heldur hið frábæra starf sem er innan raða Völsungs áfram og allar deildir halda áfram að dafna.




**Með þökk fyrir samstarfið á árinu og óskir um gleðileg jól,
Guðmundur Friðbjarnarson**

Íþróttafólk Völsungs

Íþróttafólk Völsungs fer fram þriðjudaginn 29. desember klukkan 18:00 í Skjálfanda sal á Fosshótel. Veittar verða viðurkenningar, ásamt því sem íþróttafólk Völsungs verður útnefnt. Boðið verður upp á kaffi og konfekt.



Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða. *Jólaeveðja, Aðalstjórn*



Húsvíkingar – Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Ávarp formanns

Árin líða hvert á fætur öðru, ég sest niður til þess að skrifa grein í jólablað Völsungs og fer í huganum yfir árið og færi í letur það sem við í aðalstjórn höfum verið að gera á árinu.

Aðalstjórn Völsungs skipa, Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Rannveig Þórðardóttir ritari, Már Höskuldsson og Heiðar Hrafn Halldórsson meðstjórnendur. Varamenn eru Víðir Svansson og Berglind Jóna Þorlákssdóttir. Í stjórninni sitja líka fulltrúar yngri kynslóðarinnar þau Ófeigur Óskar Stefánsson og Lovísa Björk Sigmarsdóttir. Elín M. Gunnsteinsdóttir hætti sem stjórnarmaður á aðalfundinum sl. vor og Berglind Jóna kom inn fyrir hana. Völsungur vill þakka Elínu fyrir hennar störf innan aðalstjórnar til margra ára.

Í haust tók nýr framkvæmdarstjóri til starfa, Guðmundur Friðbjarnarson, eftir að Jónas Halldór Friðriksson hætti störfum. Jónasi eru þökkúð vel unnin störf fyrir félagið.

Með því að gerast fyrirmyndarfélag höfum við náð að taka utan um flesta hluti er koma að því að reka íþróttafélag. Mesti munurinn sem við í aðalstjórn finnum er að við erum komin með strangar reglur hvað varðar fjármál, fjárhagsáætlanir og það að vera með bókara með fasta viðveru á skrifstofu. Allar deildir þurfa að skila okkur fjárhagsáætlunum sem við förum yfir og gerum athugasemdir ef við teljum þær ekki standast þær kröfur er við setjum. Framkvæmdastjórinn sér um að greiða alla reikninga fyrir félagið en alltaf með samþykki deildanna.

Nú þegar búið er að ná utan um þessa mikilvægu hluti er komið að því að móta skýra framtíðarsýn fyrir félagið og deildir þess, þannig að allir gangi í takt með samvinnu og jákvæðni að leiðarljósi. Þá fer Völsungshjartað vonandi slá örur í brjóstum okkar.

Í lok árs 2015 verðlaunaði Völsungur í fyrsta skiptið við hátíðlega athöfn íþróttafólk sitt og voru Hafrún Olgeirsdóttir og Bergur Jónmundsson valin íþróttafólk Völsungs, auk þess heiðruðum við Svein Rúnar Arason, Hafliða Josteinsson og Önnu Rúnu Mikaelssdóttir með gullmerki félagsins. Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ kom og veitti okkur viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndarfélag. Núna í desember verður íþróttafólk okkar verðlaunað fyrir afrek sín fyrir árið 2016.

Til þess að reka íþróttafélag þurfa foreldrar að vera tilbúnir að taka að sér störf fyrir félagið hvort sem er að sitja í stjórnnum deilda, fara í ferðir, taka þátt í fjáröflunum, sitja í nefndum á vegum félagsins eða koma inn í aðalstjórn. Við verðum öll á leggjast á árnarar til þess að gera félagið eins öflugt og gott og við viljum. Það er gaman og gefandi að vinna fyrir félagið og hafa áhrif á það hvernig það er rekið.

Félagið tók upp nýtt skráningarkerfi í haust þar sem foreldrar sjá sjálfir um að skrá börnin sín í íþróttagreinar, þetta kerfi er komið í flest íþróttafélög á landinu og léttir verulega undir hjá deildum félagsins við innheimtu á æfingagjöldum.

Það eru spennandi tímar framundan, félagið verður 90 ára á næsta ári og afmælisnefnd í samvinnu við aðalstjórn og deildir félagsins vinnur að því að undirbúa afmælisárið af fullum krafti. Gefið verður út afmælisrit og sett upp sýning í Safnahúsinu svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu gerðum við stóran styrktarsamning við LNS-sögu og PCC gaf öllum börnum á leik- og grunnskólaaldri sem æfa með félaginu boli. Þeir verða áfram aðalstyrktaraðilar á búningum yngri flokka.

Fyrir hönd Í.F. Völsungs vil ég þakka Norðurþingi ásamt öllum styrktaraðilum stórum sem smáum fyrir þeirra framlag til félagsins, það er ómetanlegt. Stjórnarfólki, foreldrum, þjálfurum og iðkendum þakka ég gott samstarf á árinu um leið og ég óska öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir liðið ár.

Að lokum vil ég þakka Póstinum fyrir dreifingu á blaðinu.

Jólakveðja, Guðrún Kristinsdóttir



Guðrún Kristinsdóttir.



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



Þ e k k i n g a r n e t
Þ i n g e y i n g a



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s



H Á S K Ó L I Í S L A N D S

Deloitte ehf. óskar
Völsungum
og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.



Deloitte.



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



ÁRAMÓTABRENNNA og FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR

Í ÁRAMÓTABÁLKESTI VIÐ HÚSAVÍK
KL. 16:45 ÞANN 31. DESEMBER.

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ VÖLSUNGUR SÉR UM AÐ
TENDRA ELDINN. KIWANISKLÚBBURINN
SKJÁLFAÐI VERÐUR MEÐ FLUGELDASÝNINGU.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2016
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.
BRENNAN ER STAÐSETT FYRIR NEDAN
SKJÓLBREKKU.

MUNIÐ AÐ KOMA HVORKI MEÐ FLUGELDA
NÉ BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA
HJÁ KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



NORÐURPING

Skjálfaði



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Íþróttafólk Völsungs 2015

Völsungur verðlaunaði íþróttafólk sitt í fyrsta skiptið við hátíðlega athöfn í Hvammi 29. desember 2015. Aðalstjórn ákvað að verðlauna bæði karl og konu, deildir félagsins skiluðu inn til stjórnar nöfnum ásamt greinargerð í tveimur aldursflokkum, 15 ára og yngri og 16 ára og eldri. Þeir í eldri flokknum geta eingöngu orðið íþróttafólk Völsungs. Sérstök valnefnd sá svo um að kjósa á milli þeirra er voru tilnefndir, stigahæsti karlinn og stigahæsta konan urðu íþróttafólk Völsungs. Við þessa athöfn var forsvarsmönnum skíðagöngudeildar, Skúla Hallgrímssyni, Kára Páli Jónassyni, Sigurgeir Stefánssyni og Ásgeir Kristjánssyni þakkað fyrir þeirra vinnu á skíðagöngusvæðinu upp á Reykjaheiði, Höllu Rún Tryggvadóttur var þakkað fyrir yfirllestur á handbókinni á fyrirmyndarfélaginu. Einnig var þeim krökkum er hafa tekið þátt í úrtaks- og landsliðsæfingum veitt viðurkenning, en það eru þau Krista Eik Harðardóttir, Alexandra Dögg Einarsdóttir, Atli Barkarson, Rafnar Máni Gunnarsson, Daníel Már Hreiðarsson, Jana Björg Róbertsdóttir og Arnhildur Ingvarsdóttir Aðalsteinn Jóhann Friðriksson, Bjarki Baldvinsson og Harpa Ásgeirsdóttir hafa öll spilað yfir 100 leiki fyrir Völsung ásamt Gunnari Sigurði Jósteynssyni en hann hefur spilað yfir 200 leiki, þeim var færður bikar af því tilefni. Óskar Pall Davíðsson og Björgvin Friðbjarnarson voru heiðraðir fyrir mikla dómgæslu fyrir félagið. Aðalstjórn ákvað að sæma þrjá einstaklinga gullmerki Völsungs þá Rúnar Arason, Hafliða Jósteynsson og Önnu Rínu Mikaelisdóttur þau hafa öll unnið mikið og gott starf fyrir félagið.

Valið á íþróttafólki Völsungs stóð á milli sjö einstaklinga og að þessu sinni urðu þau Hafrún Olgeirsdóttir og Bergur Jónmundason íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2015. Þau hafa bæði æft knattspyrnu innan Völsungs frá unga aldri og eru vel að þessum verðlaunum komin.



Óskum Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól



og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



STEINSTEYPIR

Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Garðarshólmi

1961

Óskum Húsvíkingum
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs.



BRETTI

SAH BRETTI · Urðargerði 1 · 640 Húsvík
Símar: 464 1020 & 864 1020 · Kl.: 650808-2230

Óskum Þingeyingum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.
Þökkum
samskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Húsvík Adventures
óskar Völsungum nær
og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



Jólahugvekja sóknarprests

Eitt sinn var uppi drengur sem var dálítið einmana á jólunum. Honum kom ekki önnur jólagjöf til hugar en jólakertið sjálft. Jólakertið þáði hann að gjöf með þakklæti. Hann tendraði það og hóf að lesa jólaguðspjall Lúkasar fyrir sjálfan sig. Fyrr en varði fór hann að lesa það í huganum við blaktandi kertaljósið. Hann las það í bæn sem lauk upp himninum fyrir honum. Hann gleymdi aldrei þessu jólakvöldi.

Einveran opnar eyrun fyrir hverju óvæntu smáhljóði. Hún opnar líka augun fyrir ýmsu sem við myndum ella ekki sjá. Hún getur umfram allt opnað hjartað. Ég er sannfærður um það að opið hjarta sér enn í dag dýrd Guðs opinberast.

Hjarðmennirnir urðu fyrir trúarreynslu á Betlehemsvöllum þar sem þeir sáu dýrd Guðs birtast á nætursvörtum himninum og engillinn ávarpaði þá og sagði: „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum. Yður er í dag frelsari fæddur sem er Kristur Drottinn í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks. Þér munuð finna ungbarn, reifað og liggjandi í jötu.“ Lúk 2: 10-12.

Fyrr en varði véku kynjamyndir næturinnar fyrir hjartans gleði þegar hjarðmennirnir fóru og fundu Jesúbarnið liggjandi í jötu. Það sem engillinn hafði sagt reyndist satt og rétt.

Sr Einar Sigurðsson orti um þennan fund „Fjármenn hrepptu fögnuð þann / þeir fundu bæði Guð og mann, / í lágan stall var lagður hann, / þó lausnarinn heimsins væri. / Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.“ Sb 72. Og sjálfur hefur sr Einar sennilega setið við skrifborð sitt á prestsetrinu á Heydölum við blaktandi kertaljós þegar hann var að yrkja þennan fallega sálm. Og hann vissi sem var að lausnarinn kom til að ríkja sem konungur í hjörtum mannanna með friðarboðskap sinn. Þess vegna orti hann jafnframt. „Þér gjöri eg ei rúm með grjót né tré, / gjarnan læt ég hitt í tré, / vil ég mitt hjartað vaggan sé, / vertu nú hér minn kæri. / Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.“

Þetta er hátíðlegur og fallegur kveðskapur sem kemur mér ætíð í jólaskap vegna frábærrar tengingar við jólaguðspjall Lúkasar. Ég á auðveldara með að opna hjarta mitt fyrir boðskap heilagra jóla þegar ég les þennan fallega sálm sr Einar Sigurðssonar.

Drengurinn sem horfði á logann á jólakertinu sínu og las jólaguðspjallið í huganum skynjaði innra með sér að Jesús var kominn inn í hjarta hans til að ríkja þar sem konungur og ekki síst sem ósýnilegur vinur sem hægt er að treysta. Kristið fólk um allan heim tilbiður Jesú á jólum líkt og þessi drengur vegna þess að hann birtir Guð á jörð. Hann er sonurinn sem sýnir svipmót föðurins ósýnilega. Hann er orðið sem segir þér og mér að Guð hugsar til okkar og hvernig hann hugsar til okkar. Hann er frábær markþjálfari. Við sjáum hvernig Jesús horfir í mark, hið innsta bjarta mark og við vitum þá að kærleikurinn mun sigra. Það er dýrd Guðs og friður sem mun sigra á jörð og í alheimi. Þá fögnum við og þökkum fyrir það að fá að sjá og þekkja hinn sanna Guð og frelsara og mega fylgja honum til sigurs innan vallar sem utan. Það mun gefa okkur gleði og frið í hjarta að starfa í þágu þeirra sem minnst mega sín. Þá lýkst enn frekar upp fyrir okkur að sælla er að gefa en þiggja. Þá munum við finna jólabarnið í hugskoti okkar og hjarta. Megi góður Guð láta gott á vita í þeim efnum.

Gleðileg jól

Sr Sighvatur Karlsson

Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílaþjónustan ehf.
Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122



Óskum viðskiptavinum
okkar og öðrum Þing-
eyingum Gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári.
þökkum viðskiptin

viðbót

kjöttvinnsla



Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



**Gentle
GIANTS**

Þökkum samskiptin
á liðnu ári.

Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is
Heimasíða: www.gentlegiants.is



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



orkusalan



Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Völsungskeðjan

„Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn“ segir málshátturinn. Oft er þetta sagt í tengslum við íþróttir og að mínu viti á það vel við. Hvort sem um er að ræða lið sem samanstendur af mörgum ólíkum einstaklingum eða keppanda í einstaklingsgrein sem hefur sínar sterku hliðar og veiku. Allstaðar þurfum við að horfast í augu við það að styrkleikar og veikleikar spila saman. Hjá minni íþróttafélögum og í minni samfélögum þekkjum við þetta oft á tíðum betur en í fjölmenninu. Liðið þarf á öllum að halda til að geta tekið þátt í keppni. Fyrir vikið lendum við oft í því að hafa mun meiri getubreidd innan eins liðs en andstæðingarnir. Við getum átt besta og lakasta leikmann vallarins innan sama liðsins.

Ég kys að sjá kostina við þetta frekar en gallana. Þar sem við þurfum á öllum að halda til að virka sem sterk keðja má halda því fram að brottfall verði minna en ella. Í stærra félagi væri veikasti hlekkurinn ef til vill hættur í sinni íþrótt þar sem hann fengi aldrei að spila, væri ekki metinn til jafns við hina iðkendurna og svo framvegis. Í staðinn fær veiki hlekkurinn svigrúm og þolinmæði frá þjálfurum og liðsfélögum til þess að vera með og gera sitt allra besta.

Þeir leikmenn sem eru lengra komnir læra það af eigin raun að „enginn keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn“. Í raun mætti líka segja að án veikasta hlekksins væri enginn keðja og það er eitthvað sem er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir.

Að lokum má líka horfa til þess að þroski barna og unglinga getur verið mjög misjafn eins og gengur og gerist. Íþróttir þroska okkur og móta á margvíslegan hátt og taka á fleiri þáttum en bara líkamlegum. Þar sem hér hefur verið ritað er einmitt sett fram til að benda á þá staðreynd að íþróttirnar geta kennt okkur svo margt annað sem nýtist okkur í leik og starfi síðar á lífsleiðinni.

Að lokum vil ég nota tækifærið og óska öllum Völsungum nær og fær gleðilegra jóla og þakka fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Völsungsgræn jólakveðja

Kjartan Páll Þórarinnsson, Íþróttá- og tómstundafulltrúi Norðurlþings.

Jólakveðja Héraðssambands Þingeyinga

Sendum öllum Þingeyingum bestu jóla- og nýárskeðjur með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Minum á að hjá HSP er til sölu mynddiskur með upptökum af landsmótum á Laugum 1946 og 1961 - og á Húsavík 1987. Einnig afmælisrit HSP 100 ára.

Upplýsingar og pöntun í netfangi; hsth@hsth.is



Yngri flokkar í knattspyrnu

Barna og unglingaráð Völsungs

Barna- og unglingaráð í knattspyrnu heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningar þjálfara í samráði við yfirþjálfara yngri flokka. Ráðið er skipað 3-5 fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu ásamt yfirþjálfara. Núna skipa ráðið Jón Höskuldsson formaður, Elín Pálmadóttir, Harpa Ásgeirsdóttir og Gunnar Illugi Sigurðsson ásamt Unnari Þór Garðarssyni yfirþjálfara yngri flokka. Þá situr framkvæmdastjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs.

Unnar Þór var áður í 100% stöðu yfirþjálfara en er frá 1. október í 50% stöðu. Hann hefur yfirumsjón með allri þjálfun yngri flokka félagsins í knattspyrnu og er yfirmaður annarra þjálfara yngri flokka. Samhliða ráðningu nýrra þjálfara meistaraflokka Völsungs er stefnt að meiri samvinnu allra knattspyrnuþjálfara félagsins. Félagið er nú gríðarlega vel mannað af reyndum og vel menntuðum knattspyrnuþjálfurum og því hægt að bjóða upp á öflugt og faglegt starf.

Ráðið hvetur foreldra og annað áhugafólk um knattspyrnu yngri flokka til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og styðja þannig ráðið í að gera umgjörð knattspyrnu yngri flokka sem besta.

**Barna- og unglingaráð óskar Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Barna- og unglingaráð Völsungs, Jón Höskuldsson**

3. flokkur karla

Í 3. flokki karla æfðu 13 strákar. Yfir vetrartímann æfðum við þrisvar sinnum úti og einu sinni í viku var vaknað fyrir skóla og farið á styrktaræfingu. Yfir sumartímann æfðum við fjórum sinnum í viku fótbolta.

Um veturinn prófuðum við það í fyrsta skipti að fara suður í æfingaferð. Æfðum og spiluðum á Samsungvellinum, auk þess var þetta gert til að þetta hópinn og gekk þessi ferð mjög vel. Í viðbót við það spiluðum við nokkra æfingaleiki.

Við vorum skráðir með lið bæði í bikar og Íslandsmót og voru það í heildina 13 leikir. Bikardraumurinn var ekki langur en þá áttum við fullt af leikjum eftir í Íslandsmótinu sem hófst með sigri á heimavelli 12. maí og endaði svo 4. september einnig með sigri. Þá höfðum við unnið 5 leiki, gert 1 jafntefli og tapað 6 leikjum, skorað 31 mark og fengið 27 á okkur.

Flottir strákar sem reyndu alltaf að spila skemmtilegan fótbolta og tókst það í flest skipti. Það er von mín að sjá sem flesta af þessum strákum áfram á fótboltavellinum um ókomin ár.



Alli Jói.

3. flokkur kvenna

Á árinu 2016 voru 10 stelpur sem æfðu knattspyrnu með 3. flokk kvenna. Það voru að jafnaði fjórar æfingar í viku og var æfingasókn stelpnanna til fyrirmyndar. Við byrjuðum fljótlega að leika æfingaleiki við liðin í kringum okkur og gríðarlega gaman að geta boðið liðum í heimsókn á Húsavík um hávetur.

3. flokkur kvenna fór ekki á mót á Akureyri í vetur en þess í stað var ákveðið að fara æfingaferð til Reykjavíkur. Fengum við aðstöðu hjá Stjörnunni og var bæði æft og leikið æfingaleik við heimaliðið. Við þökkum Stjörnunni kærlega fyrir góðar móttökur.

Íslandsmótið hófst í maí og tókum við þátt í því með góðum stuðningi frá 4. flokk kvenna, án þeirra hefðum við ekki getað tekið þátt í mótinu. Sex lið voru skráð til leiks og lékum við því 10 leiki í heildina. Stelpurnar stóðu sig vel, spilaður var skemmtilegur fótbolta og framfarir voru stöðugar sem er jákvætt. Lykilatriðið í því er góð æfingasókn stelpnanna.

Sjáumst á vellinum. Jólakveðjur.

Jónas Halldór Friðriksson, Þjálfari 3. flokks kvenna.

4. flokkur karla

Það voru 16 strákar sem æfðu í 4. flokki í á síðastliðnu ári. Við æfðum í fjögur skipti í viku allt árið og voru framfarirnar miklar og góðar hjá hópnum. Það var alltaf líf og fjör hjá okkur, hvort sem það var í æfingum eða leikjum. Við fórum á Stefnumót á Akureyri í febrúar sem heppnaðist bara nokkuð vel, allir að leggja sig mikið fram bæði innan og utan vallar.

Í lok maí hófst svo Íslandsmótið þar sem við vorum eitt af sex liðum í riðlinum sem spannaði allt Norðurland og Austurland að Höfn, það var því ljóst að það yrði nokkuð mikið af ferðalögum þetta sumarið. Íslandsmótið gekk ágætlega, sigrar, jafntefli og töp á víxl en þó fleiri sigrar en hitt og niðurstaðan 3. sæti í riðlinum sem var svona nokkuð ásættanlegt, þrátt fyrir að við hefðum viljað vera aðeins hærra.

Um miðjan júlí var svo skeiðað á Rey-cup, alþjóðlegt knattspyrnumót í Reykjavík og er það í fyrsta skipti í nokkur ár sem við sendum lið á það mót. Við vorum skráðir í keppni B-liða og þar gerðu strákarnir sér lítið fyrir og unnu riðilinn sannfærandi. Úrslitakeppnin gekk ekki eins vel úrslitalega séð en góðir leikir og mikil barátta og niðurstaðan 4. sæti í mótinu, flottur árangur á skemmtilegu móti sem vonandi verður farið aftur á.

Kveðja Unnar Þór.

4. flokkur kvenna

Það voru 18 stelpur sem æfðu í 4. flokki í á einhverjum tímamarki á síðastliðnu ári. Við æfðum í fjögur skipti í viku allt árið og voru framfarirnar miklar og góðar hjá hópnum. Það var alltaf mikil einbeiting, gleði og vilji á hverri einustu æfingu og leik sem farið var í. Fyrsta mótið sem við fórum á var Stefnumót á Akureyri í janúar sem heppnaðist vel, mikil baráttugleði og vilji allt mótið sem skilaði því að liðið stóð uppi sem sigurvegari eftir úrslitaleik við Þórsstelpur. Glæsilegur árangur hjá stelpunum.

Í lok maí hófst svo Íslandsmótið þar sem við vorum eitt af fimm liðum í riðlinum sem spannaði allt Norðurland og Austurland.

Íslandsmótið gekk ágætlega, sigrar, jafntefli og töp á víxl en þó fleiri sigrar en hitt og niðurstaðan 3. sæti í riðlinum sem var töluvert lakara en við ætluðum okkur.

Um miðjan júlí var svo farið ásamt strákunum í 4. flokki á Rey-cup, alþjóðlegt knattspyrnumót í Reykjavík. Stelpurnar voru skráðar í keppni B-liða, þær gerðu sér lítið fyrir og unnu riðilinn sannfærandi með fullt hús stiga, við tók úrslitakeppni þar sem liðið endaði með að tapa úrslitaleiknum 1-2 gegn sterku liði Vals. Frábær árangur hjá stelpunum og ljóst að framtíðin er björt ef þessar stelpur halda áfram að æfa af þeim krafti sem þær hafa verið að gera síðustu ár.

Kveðja Unnar Þór.

5. flokkur karla

Í 5. flokki karla æfðu 19 drengir. Yfir vetrartímann æfðum við þrisvar sinnum í viku og voru allar þær æfingar úti. Svo þegar sumarið kom loksins bættum við við æfingu og fórum í fjórar æfingar í viku.

Í febrúar fórum við inn á Akureyri og tókum þátt í Goðamóti Þórs. Mótið var frekar mikil brekka fyrir okkur og náðum við ekki að sýna okkar rétta andlit þar. Fórum þó ekki tómhentir heim því þrúðmennska Völsunga var verðlaunuð að móti loknu. Í byrjun maí fórum við svo til Reyðarfjarðar á dagsmót og strax þá sáust miklar framfarir.

Í sumar vorum við svo skráðir með tvö lið í Íslandsmóti og spilaði hvort lið um sig átta leiki, fjóra á heimavelli og fjóra á útivelli. Gekk það mjög vel og sýndu strákarnir þar oft á tíðum þrusu spilamennsku.

Við fórum einnig á eitt mót í sumar en það var OB-mótið á Selfossi í byrjun ágúst og var það í fyrsta skipti sem Völsungur fer á það mót. Það mót gekk ágætlega og eins og áður þá voru Völsungsstrákarnir verðlaunaðir fyrir þrúðmennsku, í annað skiptið á þessu ári sem segir okkur að ekki sé um neina tilviljun að ræða.

Framfarir hjá þessum hóp voru gríðarlegar og vonandi verður áframhald á því hjá þessum framtíðar fótoltamönnum.

Alli Jói.

5. flokkur kvenna

Stelpurnar í 5. flokki kvenna voru afar duglegar að æfa í vetur og sumar. Fyrst undir handleiðslu Berglindar Jónu Þorláksdóttur fram að sumri og síðar Þórhalli Val Benónýssyni yfir sumarið. Það voru 20 stelpur að æfa þegar mest lét og voru þær yfir höfuð duglegar og samviskusamar að mæta.

Þær fóru á Goðamót á Akureyri í lok febrúar og stóðu sig vel þar, tvö lið voru skráð til leiks og mikil gleði og hamingja á mótinu. Íslandsmótið hófst svo í maí og spiluðu stelpurnar þar með fimm öðrum félögum. Uppskeran eftir sumarið var 3. sæti hjá bæði A og B liðinu, sem var bara finn árangur.

Hápunktur ársins fyrir flesta var svo Síamótið sem haldið er í Kópavogi í júlí, þangað fórum við með tvö lið. Mótið var skemmtilegt og stelpurnar stóðu sig vel bæði innan og utan vallar og mjög ákveðnar í því að ná árangri á báðum stöðum.

Þessar stelpur eru harðduglegar og líklegar til að ná langt í því sem þær taka sér fyrir hendur, hvort sem það verður fótolti eða eitthvað annað.

Fyrir hönd þjálfara, Unnar Þór.

6. flokkur karla

Í vetur æfðu 12 strákar og æfðum við þrisvar sinnum í viku, tvisvar sinnum úti og einu sinni inni í íþróttahöll. Verkefni voru ekki af skornum skammti í vetur og vorum við duglegir að sækja mót hér í kringum okkur. Byrjuðum að fara á Goðamótið, gistimót sem er haldið í Boganum á Akureyri og áður en sumarið mætti á svæðið áttum við eftir að fara á dagsmót bæði á Reyðarfirði og Akureyri.

Þegar sumarið mætti á svæðið bættist aðeins í hópinn og vorum við 13-14 að æfa. Við bættum líka við æfingu og vorum fjórum sinnum í viku og gekk það mjög vel. Við héldum uppteknum hætti og vorum duglegir að sækja mót. Byrjuðum á Pollamóti á Akureyri í byrjun júní. Því næst var það Strandarmótið um miðjan júlí. Svo bættum við um betur og fórum á tvö mót í ágúst. Fyrst Króksmótið, sem var gistimót og gekk vel og voru strákarnir verðlaunaðir fyrir þrúðmennsku á mótinu og svo var það Kiwanismótið hérna á Húsavík.

Alli Jói.

6. flokkur kvenna

Stelpurnar í 6. flokki voru líflegar og skemmtilegar allt árið eins og þeirra er von og vísa. Við æfðum þrisvar í viku allan veturinn en fjórum sinnum í sumar. Farið var á Goðamót á Akureyri í byrjun apríl með þrjú lið. Það mót gekk mjög vel, stelpurnar voru glaðar, mjög duglegar og tóku miklum framförum og í bónus fékk eitt liðið okkar silfurverðlaun eftir vaska framgöngu.

Hópurinn fór líka á Landsbankamót á Sauðárkróki með þrjú lið og þar var það sama uppá teningnum, gleði, baráttuandi og samstaða inni á vellinum, allir fóru glaðir heim en þó án verðlaunapenings í þetta skiptið. Í byrjun júlí var svo farið á Dalvík til að taka þátt í Hnátumóti KSÍ (Íslandsmót), þar vorum við með tvö lið þar sem margir voru farnir í sumarfrí en góður og skemmtilegur dagur. Stelpurnar kláruðu svo sumarið með því að spila á Kiwanismótinu hér heima í ágúst. Nú er bara að halda áfram að vera duglegar að æfa og þá eru allir vegir færir.

Kveðja Unnar Þór.

7. flokkur karla og kvenna

7. flokkurinn taldi rúmlega 30 börn meira og minna allt árið. Starfið var hefðbundið, tvær æfingar á viku yfir vetrarmánuðina en þjár æfingar á viku yfir sumarið. Við fórum á nokkur dagsmót með flokkinn á Akureyri í maí, Árskógsströnd í júlí og svo spiluðum við hér heima á Kiwanismóti í ágúst.

Á haustdögum náðum við í fyrsta skipti í mörg ár að skipta stelpum og strákum upp í sér hópa í flokknum og er það eitthvað sem er að virka mjög vel fyrir alla.

Spennan og eftirvæntingin eftir hverri einustu æfingu voru engu lík allt árið, alltaf biðu þau eins og um fyrstu æfingu væri að ræða. Vonandi heldur það þannig áfram og þá er framtíðin björt.

Kveðja Unnar Þór.

8. flokkur

Flokkurinn æfir í höllinni einu sinni í viku yfir veturinn og á sumrin er æft tvisvar í viku á sparkvöllunum. Iðkendur eru 4-6 ára, af báðum kynjum og fjöldinn er milli 12 og 15. Á æfingum er alltaf mikið fjör, allir leggja sig fram og gleðin er mikil. Á síðustu æfingu fyrir páska buðum við foreldrum með okkur á æfingu og héldum við lítið mót þar sem leyndir fótoltahæfileikar margra foreldra litu dagsins ljós.

Við fórum á Stefnunót KA í byrjun maí og Strandarmót í júlí og gekk það mjög vel. Á svona mótum fá allir verðlaun og hressingu og fara glaðir heim. Hápunktur sumarsins var Kiwanismótið hér heima í lok ágúst. Þar stóðu börnin sig frábærlega vel og greinilega hægt að sjá miklar framfarir.

Að bjóða upp á fótboltaæfingar fyrir 4-6 ára gömul börn er afar mikilvægt fyrir félag eins og Völsung. Það eru forréttindi fyrir þjálfara og það felst mikil ábyrgð í því að taka við barni þegar það mætir á sína fyrstu æfingu. Því þarf að líða vel, fá æfingar við hæfi og hvatningu til að gera sitt besta. Ef vel tekst til, getur verið að barnið eigi eftir að æfa og keppa fyrir Völsung í 20-25 ár.

Gullkorn ársins: "Þú verður að reyna á þig." Þetta sagði einn 5 ára drengurinn við annan 5 ára þegar honum fannst hinn ekki leggja sig alveg nógu mikið fram og fá á sig of mörg mörk. Svona er eldmóðurinn og einbeitingin hjá sumum alger.

Okkur langar að þakka börnunum fyrir skemmtilega samveru og foreldrum fyrir gott samstarf.

**Kærar jólakveðjur,
Unnur Mjöll Hafliðadóttir,
Jana Björg Róbertsdóttir
og Særún Anna Brynjarsdóttir**

Kiwanismótið 2016

Kiwanismótið 2016 var haldið laugardaginn 13. ágúst í blíðskaparveðri. Mótið var mjög vel sótt, en um 500 krakkar frá 9 liðum á norður- og austurhorni landsins lögðu leið sína til Húsavíkur auk liða frá Völsungi.

Keppt var í stúlkna- og strákaflokkum í 6. og 7. flokk og í blönduðum liðum í 8. flokk. Bæði var spilað á gervigrasvellingum og grasvellingum en átta vellir voru settir upp. Leikar hófust klukkan 11:00 og síðustu leikir voru spilaðir rétt upp úr kl. 16:00. Eftir síðasta leik fengu allir keppendur grillaða pylsu og verðlaunapening. Mótið gekk mjög vel fyrir sig, veðrið lék við gesti eins og fyrr segir og þegar best lét má áætla að í kringum 1000 manns hafi verið á svæðinu. Kiwanismótið hefur verið ein af fjáröflunarleiðum yngri flokka og var það einnig í ár en foreldrar barna sáu alfarið um uppsetningu og framkvæmd mótsins. Á meðan á mótinu stóð var sjoppa í vallahúsinu þar sem foreldrar sáu um að afgreiða svanga mótsgesti sem og að grilla pylsur ofan í keppendur og hafa yfirumsjón með svæðinu. Í upphafi virtist mótið ekki ætla að ná flugi vegna dræmrar skráningar en þegar leið nær móti rættist heldur betur úr skráningu og var mótið í ár að svipaðri stærð og í fyrra en það mót er það stærsta sem haldið hefur verið á Húsavík lengi og vonumst við að sjálfsögðu eftir svipaðri þátttöku um okomin ár. Mótsstjórn vill þakka öllum þeim sem lögðu sitt að mörkum við framkvæmd mótsins. Þar má nefna foreldra barna í yngri flokkum, aðila sem tóku að sér dómgæslu, styktaraðilum mótsins og fleirum. Án þessara aðila hefði mótið ekki farið fram.

Óska ég ykkur kærú Völsungar nær og fjær gleðilegra jóla, og farsælar á komandi ári.

Jóla­kveðja, Bergur Jónmundsson, mótsstjóri.

Bardagaíþróttadeild

Árið hjá okkur byrjaði vel, um 25 iðkendur hafa verið að æfa í tveim flokkum, eldri og yngri. Snemma árs fengum við boð frá Taekwondo deild Hattar á Egilsstöðum um að koma í heimsókn. Að sjálfsögðu tókum við heimboðinu og mætti Völsungur með 15 krakka einn laugardag í apríl sem tóku þátt í þriggja tíma æfingum, alveg stórskemmtilegt og gaman að kynna öðrum krökkum. Seinna um vorið héldum við sameiginlegt beltapróf með Taekwondo deild Þórs og eignaðist Völsungur formlega nýjan þjálfara, Marcin tók rauða beltið með stæl og öðlaðist þar með kennararéttindi en hann hefur séð um föstudagskennslu hjá okkur í eldri hópnum.

Haustið hjá okkur fór líka vel af stað, ögn færri en á önninni á undan en öflugur og skemmtilegur hópur. Völsungur fékk einn gestakennara í haust, Akureyringinn Sigurð Óla sem var við vinnu hjá Norðlenska í sláurtíðinni og tók þátt æfingum og kennslu hjá okkur og þökkum við honum fyrir frábært innlegg í okkar starf.

Markmið næsta árs er að koma okkur upp betri æfingabúnaði fyrir keppnir svo við getum farið að senda krakka á þau fjölmörgu mót sem eru haldin fyrir sunnan á hverju ári.

**Jóla­kveðja,
Trausti Már Valgeirsson.**



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason
Málarameistari - Sími: 8942707

Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum sem og öllum Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
HÚSAVÍK • FOSSHÖLL • LAUGAR • ÞRÉYKINGSVÆT



Við óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Takk fyrir samstarfið
á árinu sem er að líða.



Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Fimleikar

Iðkendur og þjálfarar

Fimleikadeildin hóf starfsemi að venju í byrjun september. Í fimleikum æfa fjórir hópar; leikskólakrakkar, 1.-2., 3.-5. bekkur og krakkar frá 6. bekk og upp úr í elsta hópnunum. Fjöldi iðkenda er svipaður og verið hefur undanfarin ár, milli 50 og 60 kátir krakkar.

Þjálfarar fyrir áramót eru: Guðrún Kristinsdóttir, Huld Grímsdóttir, Sigrún Lilja Sigurðardóttir, Emeliana Brynjólfssdóttir, Ruth Þórarinsdóttir, Kristófer Máni Friðriksson, Logi Jónsson, Ríkey Sigurgeirsdóttir og Anna Birta Þórðardóttir. Þær Huld og Sigrún Lilja ætla að bregða undir sig betri fætinum eftir áramót og fara í Lýðháskóla í Ollerup. Við erum því í þjálfareit og ef einhver sem þetta les hefur áhuga eða veit af þjálfara má viðkomandi gjarnan gefa sig fram!

Æfingakerfið til Ollerup í Danmörku sumarið 2016

Í sumar fór 15 barna hópur á aldrinum 10-16 ára í æfingabúðir til Ollerup í Danmörku. Auk þeirra var Halldóra Björg þjálfari og fjórir foreldrar með í för.

Þetta var í þriðja sinn sem hópur frá Völsungi heldur til Ollerup. Þar er starfræktur íþróttlýðháskóli með áherslu á fimleika en í tvær vikur á sumrin eru fimleikaæfingabúðir. Að þessu sinni voru þátttakendur frá fimm löndum.

Ferðalagið hófst með rútuferð til Keflavíkur að kvöldi 22. júlí. Þaðan var flogið til Kaupmannahafnar, aðeins kíkt í búðir og gist á farfuglaheimili áður en haldið var í tveggja tíma lestarferð og klukkutíma strætóferð á áfangastað. Að loknum kvöldverði fyrsta daginn hófst skipulögð dagskrá þar sem krakkarnir sýndu getu sína og var raðað í hópa í samræmi við það. Á hverju kvöldi var hengd upp dagskrá næsta dags fyrir hvern hóp sem fór í nokkra mismunandi tíma yfir daginn. Má þar nefna, trampólín, stökk, dans, parkour, sund, dýfingar og bogfimi. Seinni partinn og fram á kvöld voru valnámskeið og var alltaf endað á kvöldvöku þar sem eitt land sá um atriði. Íslenski hópurinn fékk heldur betur góðar undirtektir viðtökur þegar hann söng „Ég er kominn heim“ og tók víkingaklappið með tilheyrandi trommuundirleik. Einnig voru þjálfarar staðarins með ótrúlega flottar sýningar í fimleikum, parkour og dýfingum.

Vikan var fljót að líða og flestir hefðu verið til í aðra viku enda framfarir miklar. Föstudaginn 29. júlí var haldið heim á leið með viðkomu í Kaupmannahöfn en að þessu sinni skellti hópurinn sér í Tívoli kvöldið áður en flogið var til Keflavíkur og rútan tekin heim til Húsavíkur. Það má með sanni segja að ferðin hafi gengið mjög vel í alla staði og frábært hvað krakkarnir náðu vel saman þrátt fyrir töliverðan aldursmun.

Ferð sem þessi kostar töluvert og enn og aftur viljum við þakka bæjarbúum og fyrirtækjum í bænum fyrir frábæran stuðning en ferðir sem þessar eru ógleymanlegar þátttakendum sem og fararstjórum og til þess fallnar að efla áhuga og metnað innan deildarinnar.

Jóla- og vorsýning

Fastir liðir í starfsemi fimleikadeildarinnar hafa verið sýningar fyrir jól og á vorin. Þá koma allir iðkendur fram og veita áhorfendum innsýn í það sem þeir hafa verið að gera yfir veturinn. Auk þess hefur verið venja að fara mót á Egilsstöðum í febrúar en þangað mæta minni félögin á norðan- og austanverðu landinu.

Að lokum

Fimleikadeildin er nú á sínu 29. starfsári og í stjórn eru auk undirritaðrar Guðrún Kristinsdóttir og Íris Waitz.

Bestu jóla- og nýárskeiðjur til lesenda nær og fjær.

Kristjana Ríkey Magnúsdóttir



Óskum viðskiptavinum
og samstarfsaðilum okkar
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin.



NORÐLENSKA



KEA óskar félagsmönnum sem og
samstarfsaðilum sínum

**gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári**

Frjálsar íþróttir

Frjálsíþróttaráð byrjaði árið með æfingabúðum á Þórshöfn þar sem var mjög góð þátttaka eða 29 iðkendur fóru. Þrjú keppendur fóru á Mí 11-14 ára í Kaplakrika í Hafnafirði í lok janúar. Jón Alexander varð þar Íslandsmeistari í kúlu. Stórmót ÍR var viku síðar og var mjög góð þátttaka en alls fóru 33 keppendur. Tvö gull, 4fjögur silfur og þrjú brons komu í okkar hlut, 49 persónulegar bætingar. Nokkrir iðkendur fóru á UFA apríl mót á Akureyri og stóðu sig vel. Frjálsíþróttaskóli var haldinn á Laugum 13-16 júní með met þátttöku en alls voru 26. Mí 11-14 ára fór fram á Laugardalsvelli og þangað fóru sjö keppendur og náðu þau fimm sinnum verðlaunasætum. Sumarleikar frjálsíþróttaráðs voru í byrjun júlí og tóku 120 keppendur þátt í leikunum, þar af 53 frá HSP. Alls voru 47 persónulegar bætingar hjá okkar fólki og keppendur fóru alls 65 sinnum á verðlaunapall. Mjög gaman var að sjá hve yngstu iðkendum voru duglegir að koma. 19. unglíngalandsmót UMFÍ fór fram í Borgarnesi í byrjun ágúst. HSP átti 26 keppendur í frjálsum á aldrinum 11 -17 ára. Alls voru 20 persónulegar bætingar hjá okkar fólki og fóru þau níu sinnum á pall, þar af ein boðhlaupssveit. Erla Rós Ólafsdóttir varð unglíngalandsmótsmeistari í spjóti. Ágústsmót UMSS var haldið á Sauðárkróksvelli laugardaginn 13. Ágúst HSP átti þar 12 keppendur. Flestir þeirra náðu að bæta sig í einni grein eða fleirum. Alls urðu persónulegar bætingar okkar keppenda 16 talsins. Verðlaunasæti hjá iðkendum okkar voru 32 talsins, 16 gull, 10 silfur og sex brons. Mí 15-22 ára fór fram í Kaplakrika í lok ágúst og einn Íslandsmeistarartilill kom í hús Hilmir Smári Kristinsson.

Uppskeruhátíð ársins fór fram í Ásbyrgi um miðjan ágúst og þar var stigahæstu einstaklingum veittur bikar. Í ár kom það í hlut Hafþórs Höskuldssonar og Erlu Rós Ólafsdóttur. Okkur var boðið í æfingabúðir á Egilsstöðum í lok október hjá yfirþjálfara ÍR og fóru 14 iðkendur. Nóvembermót var haldið á Laugum og var mikið um persónulegar bætingar. Nóvembermót UFA fór fram sl. helgi sex keppendur fóru frá HSP 22 verðlaunapeningar komu í okkar hlut 10 gull, sex silfur og sex brons. 12 persónulegar bætingar voru af 29 skiptum.

Æfðar eru frjálsariþróttir á Laugum og Húsavík yfir vetrartímann, tvisvar sinnum í viku. Jón Fr. Benónýsson þjálfar iðkendum á Laugum, Semdís Þráinsdóttir, Kristín Kjartansdóttir og Hafdís Dröfn Einarsdóttir þjálfar iðkendum á Húsavík.



Erum með síðu á facebook Frjálsíþróttaráð HSP þar sem við setjum inn myndir og fréttir af starfinu.

Hulda Skarphéðinsdóttir.



Óskum öllum
Völsungum gleðilegra
jóna og farsældar
á nýju ári.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóna
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Flugfélagið Ernir
óskar Völsungum
gleðilegra jóna
og heillaríks komandi árs



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Hestamiðstöðin Saltvík
óskar öllum Húsvíkingum
og öðru góðu
og skemmtilegu
fólki gleðilegra jóna
og farsældar
á nýju ári :)



Gleðileg jól
farsælt
komandi ár.
Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.





Óskum
viðskiptavinum okkar
og Völsungum öllum
gleðilegra jóna og farsældar
á komandi ári.



Takk fyrir árið
sem er að líða.

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóna
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.




Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár.




Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.




Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóna
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.




Sendi öllum bestu jóna-
nýárskveðjur, sérstaklega liðinu
fyrir neðan bakkann.



Doddi Ásgeirs ehf.

SLÖKUN - VELLÍÐAN - UPPLIFUN



- VERIÐ VELKOMIN Í MÝVATNSSVEIT -

www.jardbodin.is · sími 464 4411 · info@jardbodin.is

Handbolti

Nú er enn eitt árið að líða í handboltanum og því við hæfi að rifja veturinn aðeins upp. Í handknattleiksráðinu vorum við þrjár, Harpa Steingrimsdóttir, Margrét Magnúsdóttir og Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir, þessar tvær síðarnefndu létu af störfum og vil ég þakka þeim fyrir þennan tíma sem við unnum saman. Aðalstjórn Völsungs ásamt formanni handknattleiksdeildar leitar nú að nýju fólki til að taka við þessum störfum. Að starfa í handknattleiksráði er mjög skemmtilegt og gefandi, að kynnast öllum þessum frábæru krökkum, nýjum þjálfurum og foreldrum þessara barna er gaman. Þetta er alls ekki einfalt, það þarf að huga að mörgu og er ég alltaf að læra eitthvað nýtt sem gerir þetta starf skemmtilegt. Síðastliðinn vetur voru fimm flokkar starfandi, 4., 5., 6. og 7. flokkur, þjálfarar voru, Gunnar Illugi, Halldór Árni, Óskar Páll, Guðmundur, Heiða Elín, Björn Elí og Elmar Örn. Gunnar Illugi gat því miður ekki haldið áfram þetta árið og vil ég þakka honum fyrir frábært samstarf og þjálfun. Óskar Páll er ekki að þjálfna í vetur og vil ég einnig þakka honum kærlega fyrir þjálfunina og alla dómgæsluna í leikjum 4 flokks, hann hefur án efa unnið frábært starf við það. Guðmundur hætti líka og þakka ég honum kærlega fyrir.

Þjálfarar í vetur eru Halldór Árni, Elmar Örn, Gunnar Már, Björn Elí, Fanný og Heiða Elín, sem er nýráðin sem yfirþjálfari og er hún öllum þjálfurum innan handar. Komandi vetur er svipaður og sá síðasti, 4. flokkur leggur land undir fót eins og undanfarin ár og keppir á Íslandsmóti. Stefnt er að því að 6. flokkur fari tvær suðurferðir að keppa á Íslandsmóti. Við ætlum að fá Akureyringa til okkar í heimsókn með yngstu flokkana og einnig ætlum við til þeirra. Við erum í samstarfi við Þór, KA og HSÍ um að halda norðurlandsmót í byrjun næsta árs fyrir 7. og 8. flokk. Því miður fengum við þær fréttir í sumar að við fengjum ekki Húsavíkurmótið fyrir næsta ár, mótanefnd HSÍ ákvað þetta og var þetta ákvörðun sem byggðist á hve sjaldan við fórum í ferðir í vetur suður á Íslandsmót. Við Guðrún formaður Völsungs, börðumst fyrir þessu við fengum formann mótanefndar til fundar við okkur á Húsavík en samt héldu þeir fast í ákvörðun sína, við munum að sjálfsögðu berjast fyrir þessu móti áfram þangað til við fáum það aftur. Að lokum vil ég óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



**Jóla Sveigja,
Harpa Steingrimsdóttir,
formaður Handknattleiksdeildar Völsungs**

Húsavíkurmót í handbolta 2016

Húsavíkurmótið í handbolta var haldið helgina 23. – 24. apríl fyrir 6. flokk stúlkna, eldra ár. Húsavíkurmótið hefur verið eitt vinsælasta mót landsins og undanfarin ár hefur það verið síðasta mót til Íslandsmeistaratitils í 6. flokk kvenna. Að þessu sinni voru 29 lið skráð til leiks eða 212 keppendur, í heildina voru leiknir 58 leikir á tveimur völlum í íþróttahöllinni. Mótið hófst á laugardagsmorgni og því lauk um hádegisbil á sunnudegi. Haukar báru sigur úr bitum á mótinu en Valur urðu Íslandsmeistari. Mótið var vel heppnað og gekk í alla staði mjög vel. Þátttakendur ásamt fylgdarliði voru sínum liðum til mikils sóma. Kvöldvaka Húsavíkurmótsins fór fram á laugardagskvöldinu og var hún sérlega vel lukuð þetta árið. Mikil skipulagsvinna er á bak við mót af þessari stærðargráðu og er stuðningur sjálfbodaliða og fyrirtækja í bænum ómetanlegur. Án þeirra væri mótið ekki haldið. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem komu að mótinu fyrir aðstoðina.

**Jóla Sveigja,
Mótstjóri Húsavíkurmótsins í handbolta 2016,
Jónas Halldór Friðriksson.**

7.-8. flokkur

Í yngsta iðkendahópnum í handboltanum er um 12 manna kjarni sem var duglegur á árinu að mæta á æfingar. Framfarir hafa ekki látið á sér standa síðan þau hófu æfingar og því verður gaman að fylgjast með þeim á komandi árum í greininni. Þetta er kraftmikill hópur sem er gríðarlega efnilegur og hafa burði til að ná langt í íþróttum.

Í byrjun árs þá voru það Guðmundur Friðbjarnarson, Elmar Örn Guðmundsson og Björn Elí Víðisson sem sáu um þjálfun þessara flokka og í haust tóku Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Fanný Traustadóttir við þjálfun krakkanna og njóta ennþá dyggrar aðstoðar Björns Elí. Ég vil fá að þakka þeim sem ég starfaði með innan handknattleiksdeildarinnar sem þjálfari kærlega fyrir samstarfið og vona að starfið dafni á komandi árum.

**Jóla Sveigja,
Guðmundur Friðbjarnarson.**

6. flokkur kvenna

Veturinn 2015-2016 fór vel af stað þar sem nokkuð margar stelpur mættu á fyrstu æfingarnar í september. Síðan fór að halla undir fæti og það urðu bara tvær stelpur eftir því ákváðum við í október að taka pásu og sjá til eftir áramót. Síðan í mars voru æfingar auglýstar aftur fyrir flokkinn og nokkar stelpur komu á æfingu sem síðan fengu aðrar með sér til að hægt væri að vera með lið á Húsavíkurmótinu 2016. Við náðum í sjö stelpur til að vera með og keppa á Húsavíkurmótinu, það var mikil spennan hjá stelpunum að taka þátt loksins á réttum aldri og ekki verið að keppa upp yfir sig. Stelpunum gekk mjög vel á mótinu og unnu alla leikina í sínum riðli, þær unnu því bikar.

Heiða Elín

5. flokkur karla

Þjálfarar 5. flokks karla veturinn 2015-2016, Halldór Árni Þorgrímsson og Óskar Páll Davíðsson fóru með sína menn sem fæddir eru árið 2002 á tvö mót yfir veturinn. Fyrst fórum við á mót hjá Gróttu þar sem við gistum og kepptum á sama stað. Spiluðum þrjá leiki í riðlinum og síðan einn úrslitleik við Hauka sem við auðvitað unnum og unnum þar af leiðandi mótið með glæsibrag. Markvarsla, vörn

og sókn var spiluð eins og hjá liði á hæsta stigi og við þjálfarar erum alveg svakalega stoltir af okkur strákunum. Við áttum gott skap saman, bæði þjálfarar og leikmenn og þjálfarar og farastjóri.

Við æfðum vel yfir veturinn en engar erfiðis æfingar þannig séð. Við (Halldór og Óskar) sem gamlir handboltamenn vitum hversu mikilvægt það er á þessum aldri að hafa gaman á æfingum en á sama tíma að læra eitthvað sem maður getur notað í leikjum seinna meir.

Eftir áramót fórum við á mót hjá Aftureldingu, komnir upp um deild og vorum að fara keppa við mun erfiðari lið en við fórum inn í alla leiki með hausinn uppi og kassann út og létum finna fyrir okkur. Þetta mót gekk ekki eins vel og það fyrra en engu að síður fórum við allir glaðir heim því við vissum að við hefðum staðið okkur vel.

Strákarnir voru á bilinu 9 til 12 allan veturinn og var mætingin misjöfn eftir dögum. Sumir strákar héldu áfram í handbolta og eru að æfa með 4. flokki karla sem Halldór Árni er að þjálfa en leiðinlega margir hæfileikaríkir strákar eru hættir og farnir að einbeita sér að öðru. Við (Halldór og Óskar) erum svakalega stoltir af þessum strákum og einnig sjálfum okkur. Þessir strákar eru algjörir snillingar, þræl skemmtilegir og góðir leikmenn og munu ekki eiga í erfiðleikum með það sem þeir taka sér fyrir í framtíðinni.

Við þjálfararnir viljum þakka foreldrum, leikmönnum og Völsungi fyrir skemmtilegan, erfiðan en fyrst og fremst frábæran vetur. Þetta er klárlega eitthvað sem við mælum með að allir ungir krakkar fari að gera. Handbolti er skemmtileg liðsþrótt og það þarf að fara stækka þessa íþrótt hér á Húsavík aftur. Að þjálfa handbolta er einnig eitthvað sem við mælum með. Maður fær að deila reynslu sinni inni á vellinum sem utan með ungum krökkum, og er fyrirmynd þeirra. Það var frábært að fá að þjálfa þessa stráka og hvað þá að fá að gera það með besta vini sínum.

**Halldór Árni og Óskar Páll þakka fyrir sig
og við viljum óska öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.**

4.flokkur karla

Flokkurinn hóf æfingar í byrjun september. Þar sem hópurinn var ekkert alltof stór fengum við nokkra úr 5.flokkur og svo 5-6 eldri stráka til liðs við okkur bæði á æfingar og sumir spiluðu einnig í Íslandsmótinu með okkur. Hópurinn taldi um 15 stráka mestan part vetrar. Við hófum Íslandsmótið á sigri gegn FH hérna heima en svo fylgdu nokkrir frekar daprir leikir að okkar hálfu í kjölfarið. Við vorum staðráðnir í að laga það sem við töldum að hafi farið úrskeiðis og með nýju hugarfari og samheldni áttum við góðan séns í öll liðin sem við spiluðum við, sum unnum við en töpuðum naumt fyrir öðrum.

Að lokum er það von mín að handboltinn á Húsavík nái að dafna þrátt fyrir ákveðnar þrengingar og að einn daginn geti ég farið í Höllina og horft á meistaraflokka karla og kvenna spila í deildarkeppni.

**Gleðileg jól.
Fyrir hönd þjálfara,
Gunnar Illugi Sigurðsson.**

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum
og landsmönnum öllum
þjartrar framtíðar,
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



NORÐURÞING

Sund



Sundárið byrjaði með hefbundnu sniði, æfingar eru í boði bæði á Laugum og Húsavík 2x í viku.

Mótin sem við fórum á eru: KR í Reykjavík í febrúar, páskamót á Húsavík í mars, Akranesleikana í maí og A.M.I. í júní.

Ekkert sundmót var haldið 17 júní eins og venjulega vegna viðgerðar á Sundlauginni okkar.

Um verslunnarmannahelgina fór einn þáttakandi á Unglingalandsmótið á Akureyri, Dagbjört Lilja Daniélsdóttir og kom hún heim með 5 silfurverðlaun og 2 brons.

Í júní buðum við upp á leikskólasund eins og við höfðum gert árið áður og tóku 50 börn þátt í því.

Haustið byrjaði á svipuðum nótum, æfingabúðir voru haldnar á Laugum 1. október og mættu þangað 22 börn. Héraðsmótið okkar var haldið föstudaginn 7. október þar tóku 25 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Bjarma og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Dagbjört Lilja Daniélsdóttir frá Völsungi og í karlaflokki var það Styrmir Franz Snorrason frá Geisla sem var stigahæstur. Sif Heiðarsdóttir var valin sundmaður Völsungs fyrir árið 2015, einnig var Sif valin sundmaður HSP fyrir árið 2015.



Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 18. október, þar mættu foreldrar og börn, borðuðu saman pizzu og skemmtu sér ásamt þjálfurum sínum.

Þjálfarar eru: Árný Björnsdóttir, Valgerður Jósefsdóttir, María Rós Magnúsdóttir, Anna Kristín Agnarsdóttir, Davíð Friðriksson og Henný Birgitta Kristjánsdóttir.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Valgerður Jósefsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir. Tengiliður í sveitinni er Járnbrá Björg Jónsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og sundnefndar HSP
Elísabet Sigurðardóttir.**

Óskum Völsungum
og Húsvíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða




Trésmiðjan Rein ehf

ÍPRÓTTASKÓLI VÖLSUNGS

Íþróttaskóli Völsungur hefur verið starfræktur með sama sniði hátt í rúmlega 20 ár. Laugardagsmorgnarnir í íþróttahöllinni eru alltaf liflegir og skemmtilegir þegar húsið fyllist af lífsglöðum leikskólabörnum. Okkur mæta sólskinsbros úr öllum áttum, liflegar umræður og mikil gleði í þeim verkefnum sem fyrir eru lögð. Þessi undirbúningur sem fer fram í Íþróttaskólanum er mjög mikilvægur fyrir börnin þegar kemur að skólagöngu og íþróttaiðkun því aðlögunin sem þau fara í gegnum skilar miklum árangri.

Bestu kveðjur, Unnar Þór og Áslaug.



Óskum viðskiptavinum okkar og öðrum þingeyingum gleðilegra jóla og farsælds komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Tungata 1 • Húsavík • Sími 464 2222

Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



Skorum með þrumuskotum á nýju ári.



Jólagjöf veiðimannsins

Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



SÍMI 464 1879 • ÖSM 898 8379

Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Starfsfólk ÍSNET óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



www.isfell.is

Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Fiskeldið á Haukamýri ehf

Blak

Árið 2016 hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt í starfi blakdeildarinnar.

Öldungablakið þar sem blakarar 30 ára og eldri stunda saman þessa frábæru íþrótt var sem fyrr burðarásinn í starfi blakdeildar framan af ári ásamt öflugum barna og unglिंगastarfi sem hefur vaxið og dafnað síðustu árin og æfa nú að jafnaði um 35 - 40 börn og unglिंगar blak á Húsavík.

Á vordögum 2016 var svo ákveðið að taka ný skref í starfinu með þátttöku í úrvalsdeild Íslandsmótsins í kvennablaki og jafnframt að efla unglिंगastarfið enn frekar með þátttöku í fleiri og stærri mótum og með fjölgun æfinga hjá yngri flokkum.

Að venju byrjuðu blakarar árið með Nýársmóti Völsungs sem er árviss viðburður með þátttöku liða af Norður og Austurlandi. Öflugt starf var í gangi hjá öldungaflokkum félagsins og um 50 iðkendur stunduðu æfingar undir handleiðslu Jóhönnu Guðjónsdóttur, Ágústu Tryggvadóttur og Valgeirs Páls Guðmundssonar. Farið var á fjöldamörg hraðmót á Norðurlandi og öldungavertíðinni lauk svo með þátttöku í Öldungamóti BLÍ sem haldið var í Garðabæ þar sem fimm kvennalið og tvö karlalið frá Völsungi tóku þátt og stóðu sig vel að vanda. Um miðjan vetur hófst svo undirbúningur fyrir þátttöku kvennaliðs Völsungs í meistaraflokki tímabilið 2016-17. Ráðinn var þjálfari, Ítalinn Lorenzo Sciansio sem samhliða þjálfun meistaraflokks sinnir starfi sem yfirþjálfari blakdeildarinnar veturinn 2016-17 Einnig var ráðin til starfa serbnesk blakkona, Sladjana Simjanic sem ásamt þjálfun leikur með meistaraflokksliðinu í úrvalsdeildinni.

Þetta fólk hefur staðið sig frábærlega í haust og komið með nýjar áherslur og þekkingu sem mun nýtast okkur vel í framtíðinni. Það var einstök tilfinning fyrir okkur blakara þegar blásið var til leiks á fyrsta heimaleik Völsunga í efstu deild Íslandsmótsins nú í haust. Leikmenn hafa lagt hart að sér við æfingar og liðið sem er að fóta sig í deildinni hefur staðið sig vel í öllum leikjum, stelpurnar okkar hafa sýnt frábæran baráttuanda og vaxið með hverjum leik. Samhliða þátttöku í úrvaldeildinni tekur liðið þátt í bikarkeppni BLÍ eftir áramótin. Frábær mæting hefur verið á heimaleikina og góð stemning í höllinni!

Yngri flokkar

Þjálfarar síðasta vetur voru Lúðvík Kristinsson, Erla Bjarnadóttir, Jóna Matthíasdóttir, Guðrún Eiríksdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Dagbjört Erla Gunnarsdóttir og Hermína Hreiðarsdóttir.

4 og 5 flokkur tóku þátt í móti á Seyðisfirði í vor og Íslandsmóti yngri flokka á Akureyri nú í haust þar sem A lið 5 flokks náði að sigra og vinna Íslandsmeistaratitil í sínum flokki. Aldeilis glæsilegur árangur og stóðu allir krakkarnir sig frábærlega og gaman að sjá að markvissar æfingar eru farnar að skila sér hjá þessum ungu blökurum.

3. flokkur stúlkna tók þátt í hraðmótum á Siglufirði og Akureyri og stóðu sig vel, þær tóku einnig þátt í tveimur æfingabúðum á vegum BLÍ síðastliðinn vetur og nú í haust voru þær Arney Kjartansdóttir og Heiðrún Magnúsdóttir boðaðar á landsliðsæfingu úrtakshóps U16 ára stelpna á Akureyri.

Krakkarnir okkar hafa vakið athygli fyrir góða grunnfærni og hæfileika og eru því spennandi tímar framundan þegar þessir krakkar vaxa úr grasi og taka við keflinu af eldri blökurum.

Kærar þakkar fyrir frábært ár blakfólk og gleðileg jól Völsungar !



Fyrir hönd blakdeildar, Bjarni Páll Vilhjálmsson.

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**

Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



SJÓVÁ



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!




VÍKURRAF EHF
RAFVERKTAKAR - VERSLUN - HÚSAVÍK
SÍMAR 464-1600 - 863-3900 - WWW.VIKURRAF.IS



Jóla kvæðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið*



HÁTÍÐ LJÓSS OG FRÍÐAR

VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs.

vís

Meistaraflokkar í knattspyrnu

Meistaraflokkur karla 2016

Fyrsta verkefni meistaraflokks á árinu var að taka þátt í Kjarnafæðismóti í byrjun árs. Liðið spilaði fjóra leiki og niðurstaðan varð 8. sæti, þar sem við töpuðum þremur og gerðum eitt jafntefli.

Næsta verkefni var Lengjubikarinn, þar sem við vorum í fimm liða riðli og er skemmst frá því að segja við unnum tvo leiki, gerðum eitt jafntefli og eitt tap og enduðum í 3. sæti í riðlinum.

Íslandsmótið nálgadist og ekki voru menn á eitt sætir með hvernig undirbúningstímabilið gekk ef einn til tveir leikir eru undanskildir. En ekki voru miklar breytingar leikmannahópnum frá árinu áður.

Þá fór meistaraflokkur karla í æfingaferð til Faro á Spáni frá 28. mars til 4. apríl. En flogið var frá Akureyri. Leikmenn sáu að mestu leyti sjálfir um fjáröflun fyrir ferðinni og var mikil ánægja með hana.

Íslandsmótið byrjaði síðan 6. maí með því að spila við Magna frá Greinivík í hríðarbyl á Húsavíkuvelli og var þetta sannkallaður snjóslagur því það snjóaði allan tímann meðan að leikurinn fór fram, en hann endaði 1-1 og verður hann lengi í minnum hafður vegna mikillar snjókomu og mokstrar til að halda línunum hreinum á meðan á leik stóð.

Eftir nokkrar umferðir var það orðið nokkuð ljóst að við vorum komnir í fallbaráttu sem við vorum síðan í allt sumarið. Þar til í næstsíðustu umferð er við spiluðum Húsavíkuvelli við Ægi frá Þorlákshöfn þar sem við unnum leikinn 4-2, en staðan var 0-2 fyrir Ægi þegar búnar voru 85 mínútur af leiknum. Þá var komið að þætti Jóhanns Þórhallssonar sem skoraði á 86. mín. og á 94. mín. Á 95. mín kláraði Aron leikinn fyrir okkur. Sigur í þessum leik tryggði okkur áframhaldandi sæti í 2. deild. Í þeim 18 leikjum sem við spiluðum gerðum við 12 jafntefli og unnum aðeins fjóra leiki og enduðum við í 9. sæti með 24. stig. Þetta var töluvert langt undir þeim væntingum sem gerðar voru fyrir tímabilið.

Þá gekk liðinu mjög vel í Borgunarbikarunum þar sem við komust í 32 liða úrslit. Með því að vinna Nökkva 1-0 og Þór Akureyri 2-1. En í 32 liða úrslitum var spilað við Þrótt Reykjavík á útveli og tapadist sá leikur 3-1.

Lokahóf fyrir meistaraflokka karla og kvenna var haldið á veitingastaðnum Fjörunni og voru um 120 manns sem sóttu lokahófið. Lokahóf var í fyrsta skiptið opið fyrir styrktaraðila og velunnara meistaraflokkanna. Viðurkenningar voru veittar fyrir besta og efnilegasta leikmann.

Besti leikmaður var valinn Jóhann Þórhallsson og efnilegasti leikmaðurinn Atli Barkarson.

Síðustu tvö árin hefur leikmaður ársins verið valinn. En það er sá leikmaður sem er ómissandi liðsfélagi innan vallar sem utan, mikill félagsmaður og því félaginu til sóma í þeim störfum sem falla til og hefur sinnt sínum skyldum sem Völsungur. Í ár var ekki hægt að gera upp á milli Sigvalda Einarssonar og Sindra Ingólfssonar og urðu þeir því báðir fyrir valinu.

Jóhann Kristinn Gunnarsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla í knattspyrnu. Samhliða þjálfun karlaliðsins mun Jóhann sjá um afreksþjálfun Völsungs og FSH en hann hefur áður starfað við það verkefni. Jóhann mun einnig koma að þjálfun yngri flokka en hann mun verða viðloðandi æfingar hjá þeim og felst það í að kíkja á æfingar í samráði við yfirþjálfara yngri flokka til að leiðbeina þjálfurum og iðkendum. Jóhann mun líka sjá um utanumhald á 2. flokki karla hjá félaginu. Við viljum bjóðum Jóhann Kristinn velkominn heim og hlökkum til samstarfsins.

Við í meistaraflokksráði viljum þakka öllum þeim fyrirtækjum, einstaklingum og stuðningsmönnum fyrir stuðninginn á árinu.

**Meistaraflokksráð karla óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
Fh meistaraflokksráðs, Sigurgeir Á Stefánsson.**

Meistaraflokkur kvenna 2016

Í janúar var gengið frá ráðningu þriggja manna þjálfarateymis. Það voru þau Þórhallur Valur Benónýsson, Benóný Valur Jakobsson og Guðrún Einarasdóttir. Leikmannahópurinn var ekki stór þar sem margir leikmenn höfðu hætt eða farið annað eftir síðasta tímabili. Við náðum þó að fjölga í hópnum og töldum að kominn væri góður hópur fyrir tímabilið.

Þegar líða fór að sumri fór smám saman að kvarnast úr leikmannahópnum. Ástæður voru m.a. meiðsli, veikindi og vinna sem settu strik í reikninginn.

Við ákváðum samt að halda okkar striki og reyna að gera okkar besta. Liðið var fámenn og þurftum við að reiða okkur á leikmenn 3. flokks í öllum leikjunum og undir það síðasta fengum við einnig nokkra eldri leikmenn sem voru tilbúnir að taka fram skóna og aðstoða okkur.

Óhætt er að segja að tímabilið hafi ekki farið eins og við lögðum upp með. Það reyndist erftítt að fá leikmenn í stað þeirra sem dattu út úr upphaflega hópnum. Við reyndum ýmislegt en að fá íslenska leikmenn út á land er ekki auðvelt. Enda sýndi það sig að af þeim liðum sem við spiluðum við í Íslandsmótinu, voru flest með 1-3 útlendinga.

Úrslit sumarsins voru þau að við lentum í neðsta sæti í okkar riðli og niðurstaðan sú að við munum leika í 2. deild að ári.

Að loknu sumri lét þjálfarateymið af störfum og þökkum við þeim fyrir þeirra framlag.


Á lokahófi meistaraflokkanna var Dagbjört Ingvarsdóttir valin besti leikmaður sumarsins og Lovísa Björk Sigmarsdóttir efnilegasti leikmaður sumarsins. Dagbjört var svo einnig valin leikmaður ársins.

Eftir þetta sumar var ljóst að gera þyrfti einhverjar breytingar. Ákveðið var að blása til sóknar og ráða hina bandarísku Kaylu Grimsley sem spilandi þjálfara fyrir komandi tímabil. Með henni kemur Kristína Corona sem mun verða henni til aðstoðar. Þær munu einnig þjálfva nokkra yngri flokka félagsins.

Með þessari ráðningu teljum við að verið sé að stíga stórt skref upp á við í kvennaknattspyrnu hjá Völsungi. Við erum spennt fyrir komandi tímabili og höfum væntingar um gott knattspyrnusumar 2017.

Fyrir hönd meistaraflokksráðs kvenna, Sóley Sigurðardóttir.





Gleðilega hátíð

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Starfsfólk Íslandsbanka um land allt

Sumarskóli Völsungs

Sumarskóli Völsungs hóf göngu sína 13.júní og starfaði samfleytt í sex vikur. Skólinn var ætlaður börnum fæddum 2005-2010. Umsjónarmaður sumarskóla var Selmdís Práinsdóttir og henni til aðstoðar voru Arney Kjartansdóttir, Bryndís Edda Bendiksdóttir, Heiðrún Magnúsdóttir, Bjartey Guðný Birkisdóttir, Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir, Ólöf Rún Rúnarsdóttir, Aðalheiður Tryggvadóttir og Bergur Jónmundsson. Dagskrá skólans stóð yfir frá 13:00 - 16:00 og námskeiðinu var skipt upp í sex sjálfstæðar vikur þar sem hægt var að skrá barn/börn í eina eða fleiri vikur í senn. Hver vika var því sett upp sem sjálfsætt námskeið og reynt var eftir bestu getu að hafa dagskrá skólans eins fjölbreytta og hægt væri svo allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Hefðbundar íþróttir á borð við knattspyrnu og handknattleik voru lagðar til hliðar á meðan óhefðbundnar íþróttir, leikir og útivist fengu að njóta sín. Farið var í spennandi fjársjóðsleit, skemmtilega ratleiki, fjöru-og skógarferðir ásamt því sem keppt var á Víkingarleikum og Hestarnir í Saltvík heimsóttir. Þess á milli var farið í skemmtilega leiki og börnin kynnt fyrir hinum og þessum íþróttum. Veðrið lék við okkur og við nutum þess að vera úti, einstaka sinnum þurftum við þó að bregðast skjótt við og fara í skjól, þeir dagar voru nýttir í föndur og sprell í íþróttahöllinni.




Skráning í sumarskólann hefur aldrei verið meiri en þetta sumarið og náði hún hámarki þegar 40 börn voru skráð í skólann eina vikuna.

Okkar bestu þakkir sendum við Lögreglunni á Húsavík og Hestamannafélaginu Grana sem tóku svo hlýlega á móti okkur.

Við hlökkum til að sjá sem flesta að ári liðnu í sumarstuði og þökkum fyrir góðar stundir á liðnu ári.

Jólaeveðja, Selmdís Práinsdóttir, umsjónarmaður Sumarskóla Völsungs.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Jólaeveðja

Reykfiskur ehf. Húsavík óskar starfsfólki sínu og fjölskyldum þeirra, sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

Reykfiskur ehf.

Húsavík.





JAKO



www.jakosport.is


**Völsungsvörurnar frá JAKO
fást í Skóbúð Húsavíkur**

*Heimabakarí
óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla*



**JÓLAKVEÐJA
HÚSASMÍÐJAN
í heimabyggð**

Vallholtsvegi 8 Húsavík 525 3950



HÚSASMÍÐJAN

Boccia

Starf Bocciadeildar 2016

Mikið líður tíminn hratt, enn einu sinni komið að því að skrifa í Jólblað Völsungs og segja frá því helsta úr starfi Bocciadeildarinnar á liðnu starfsári sem er það 27. frá stofnun.

Þau tíðindi voru hjá stjórn nú í haust að farsæll formaður okkar allt frá stofnun, Bragi Sigurðsson óskaði eftir að hætta í stjórn deildarinnar. Undirritaður tók við keflinu fyrst í stað og nýr inn í stjórn kom Sigmundur Hreiðarsson, en að öðru leyti er stjórn óbreytt. Það er stórt skarð fyrir skildi við brotthvarf Braga úr stjórn, hann hefur stýrt deildinni af miklum dugnaði allt frá upphafi, verið frumkvöðull í íþróttum fatlaðra hér á svæðinu og ætíð verið



boðinn og búinn ef eitthvað hefur staðið til, farið á flest mót með hópinn gegnum árin, mætt á formanna-fundi og þing ÍF svo eitthvað sé nefnt. Á þessum tímamótum vill Bocciadeildin þakkar Braga og fjölskyldu fyrir ómetanlegt framlag, ósérhlífni og eljusemi alla tíð með hag deildarinnar að leiðarljósi.

Æfingar og þjálfun eru með hefðbundnu sniði, vandkvæði voru í haust að fá þjálfara og leiðbeinendur til starfa. Æfingar hjá fötluðum eru tvisvar í viku og er mæting góð og æft í stóra salnum, sama er hjá eldri borgurum, þar eru iðkendur um 40 og eru með tíma fjóra daga í viku. Aðalþjálfari er áfram Anna María Þórðardóttir en nýr liðsmaður, Kristján Valur bættist í haust í þjálfarateymið, en þær Lilja Hrund Másdóttir og Edda Lóa Phillips þjálfuðu s.l. vetur og eins og áður hlaupa aðrir stjórnarmenn í skarðið eftir þörfum.

Mót og viðburðir á árinu nokkuð hefðbundið og deildin sendi keppendur á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF. Fyrsta mót ársins var að venju Opna Húsavíkurmótið í Boccia sem var hið 27 frá upphafi og orðinn er fastur liður í starfi Bocciadeildarinnar með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, sem annast alla dómgæslu og merkingu valla. Mótinu stýrðu Bragi Sigurðsson, form. Bocciadeildar Völsungs ásamt Agli Olgeirssyni og Kristínu Magnúsdóttir úr stjórninni, en Arnar Bragason annaðist alla tölvuvinnslu við mótsstjórn. Mótið tókst í alla staði afar vel, góð þátttaka eða í allt yfir 30 sveitir sem sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á Bocciadeildinni með þátttöku en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni. Þá var einnig keppt í krakkaflokki fatlaðra en krakka-boccia hófst hjá deildinni í upphafi árs 2014. Fengu þau öll viðurkenningarskjöl og myndarleg verðlaun frá Íslandsbanka en það er Anna María sem þjálfar krakkana með dyggri aðstoð Jónu Rún. Húsavíkurmestarar á Bocci 2016 urðu Félagarnir Olgeir Heiðar Egilsson og Sigurður Dagbjartsson og hlutu að launum glæsilegan farandbikar sem gefinn var af Norðlenska ehf og var nú keppt um í fimmta sinn.

Mótið var afar skemmtilegt, mikil stemming, og spenna. Takk fyrir Húsvíkingar og aðrir gestir, sjáumst hress á næsta „Opna Húsavíkurmóti í Boccia“ sem haldið verður um miðjan febrúar n.k.

Einnig var afhentur „Hvatningabikar ÍF“ sem hinn öflugi bocciamaður Ásgrímur Sigurðsson frá Lækjarvöllum í Bárðardal hlaut að þessu sinni. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi Fatlaðra og veittur árlega þeim einstaklingi sem að mati stjórnar Bocciadeildar og þjálfara sýnir bestu ástundun og mestu framfarir.

Gestur á mótinu var Húsvíkingurinn Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri fræðslu- og útbreiðslusviðs og Special Olympics á Íslandi og afhenti hún Ásgrími nýjan bikar frá ÍF en sá gamli var orðinn þéttskrifaður með nöfnum fyrri handhafa.

Þá var mætt frá Bocciadeild ÍFV með fjölmennt lið á öll önnur bocciamót á vegum ÍF og víðar s.s. Íslandsmót í liðakeppni í mars sem haldið var að þessu sinni í Reykjanesbæ. Haldið var á stað frá Húsvík í hádegina á föstudaginn 11. mars, farið var með rútu frá Fjallasýn. Í hópnum voru sex þriggja manna sveitir og að auki fjórir fararstjórar og þjálfarar eða samtals 22. Völsungar áttu þrjár sveitir í 3. deild og tvær sveitir í 1. deild, en með í ferðinni var einnig A-sveit Viljans á Seyðisfirði, okkar vinafélags.

Öll liðin stóðu sig frábærlega og fóru fjögur lið af fimm áfram í undanúrslit auk okkar liðs frá Viljanum. Það fór svo að lokum að spútnikliðið okkar D-sveit Völsungs stóð upp sem sigurvegari í sinni deild en hana skipa Hildur Sigurgeirsdóttir, Sigurður Helgi Friðnýjjarson og Ólafur Karlsson og með sigrinum lönduðu þau Íslandsmeistaratitli í 3. deild. Árangur allra sveitanna var góður og allir afskaplega sælir og glaðir með gengi okkar fólks á mótinu.

Í lok móts var svo að venju veglegt lokahóf í Stapanum þar sem menn nutu góðra veitinga, skemmtiatriða og dansað var fram eftir kvöldi af miklu fjöri. Það var ljóst að það voru Völsungarnir sem toppuðu ballið með mikilli þátttöku og gleði í dansinum eins og þeim er einum lagið.

Næst var það hið árlega Hængsmót á Akureyri sem fór fram 29. - 30. apríl. Keppt var bæði í einstaklings- og sveitakeppni og kepptu Völsungar í hvoru tveggja. Árangur var góður þó ekki næðust verðlaunasæti.

Starfið í haust hófst svo með æfingum strax í byrjun september og er þátttaka og ástundun góð. Fyrsta mót vetrarins var svo hið árlega Íslandsmót í einstaklingskeppni, sem að þessu sinni var haldið á Sauðárkróki. Það var Íþróttafélagið Gróska sem hélt mótið í samvinnu við ÍF. Mótið fór fram helgina 14. – 16. október og hófst með mótsetningu í Íþróttahöllinni á föstudagsvöld og lauk á sunnudagskvöld með veglegu lokahófi í Miðgarði. Keppendur frá Bocciadeild Völsungs voru 17 á mótinu, gist var á Hótel Varmahlíð og ferðast á hópferðabil frá Fjallasýn. Frammistaða okkar var góð þó ekki næðist Íslandsmeistaratitill.

Toppurinn á árinu var svo Norðurlandsmótið sem að þessu sinni var haldið hér á Húsvík laugardaginn 12. nóvember og mótshaldari var Bocciadeild Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda sem annast alla dómgæslu og merkingu valla. Mótinu stýrðu Bragi Sigurðsson, ásamt Agli Olgeirssyni og Kristínu Magnúsdóttir úr stjórn Bocciadeildarinnar, en Anna María var yfirdómari og Arnar Bragason annaðist alla tölvuvinnslu við mótsstjórn.

Mótið tókst í alla staði vel, keppendur voru um 100 og keppt var í fötlunarflokkum og opnum flokki og endaði að sjálfsögðu á glæsilegu lokahófi þar sem verðlaunaafhending fór fram. Keppendur frá Völsungi voru 27 og náðu frábærum árangri og hlutu gull og brons í báðum sveitakeppnunum. Norðurlandsmeistari í opnum flokki var B-sveit Völsungs/Ína Rúna og Lilja Skarphéðinsdætur, og í fötlunarflokki B-sveit Völsungs/Olgeir Heiðar og Vilberg Lindi. Já góður endir á frábæru keppnisári hjá Bocciadeild Völsungs.

Fjáröflun Bocciadeildar ÍFV var með svipuðu sniði og undanfarin ár þ.e. með sölu jólakorta og hangikjöts frá Norðlenska. Þá er það árleg firmakeppni deildarinnar á Opna Húsavíkurmótinu, ágóði af Norðurlandsmótinu og sala veitinga í sjoppu á mótum og öðrum viðburðum hjá deildinni.

Að venju var aðalstyrktaraðili deildarinnar Kiwanisklúbburinn Skjálfandi.

Áætlun fyrir næsta starfsár gerir ráð fyrir svipaðri starfsemi og á liðnu ári, hvað varðar innra starf og þátttöku á mótum en markmiðið er alltaf að gera betur á næsta ári. Hápunktur næsta árs verður stórverkefni deildarinnar að halda Íslandsmótið í einstaklingskeppni í október 2017 en nýlega fengum við tilkynningu frá Íþróttasambandi fatlaðra um að Bocciadeild Völsungs hefði verið úthlutað næsta móti.

Vill Bocciadeild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfsári.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár.
f.h. Bocciadeildar ÍFV/Egill Olgeirsson**

BRÁÐUM KOMA JÓLIN!



LEITZ
COMPLETE



Práðlaus hátalari með hljóðnema
Verð: 9.999.-



CROSS Star Wars minnisbók og penni
Verð: 9.999.-



Púsl (54 bitar) - Finding Dory, 4 púsl í pakka
Verð: 1.999.-



Ludo - Frozen
Verð: 3.999.-



Teningaspil - The Good Dinosaur
Verð: 3.799.-



Kubbar (72 bitar)
Verð: 3.499.-

JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR!



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustig 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Skíðaganga

Þá er enn eitt skíðagönguárið að líða. Starfið var með hefðbundnu sniði og hófst að venju með því að Ásgeir tróð þessar prýðis brautir hér innanbæjar í desember eins og hann hefur gert í mörg ár.

Á nýju ári var svo farið uppá svæðið við Reyðarárhjúk þar sem hús Skíðagöngudeildar eru. Þetta er fyrsta árið sem þau eru notuð og verður að segjast að það er mikill kostur að hafa upphituð hús og klósett á svæðinu. Nú í haust var svo lagður vegur að húsunum í tengslum við raflínu að Bakka sem liggur um svæðið og var það Norðurþing og Árni Helga ehf. sem stóðu að því. Aðgengi verður þar með enn betra að húsunum.

Nokkrir krakkar frá okkur stunduðu æfingar með Akureyringum og tóku þátt í Andrésar Andarleikunum og voru þar í toppbaráttu.

Í byrjun mars stóðum við fyrir skíðagöngukennslu þar sem við fengum Ólympíufara og margfaldan meistara, Einar Ólasson til að kenna okkur. Þátttaka var mjög góð og tókst í alla staði vel.

Í apríl vorum við svo með sunnudagskaffi í blíðskaparveðri við húsin okkar við Reyðarárhjúk og gat fólk stoppað í hringnum og fengið sér kakó og pönnukökur. Almenn ánægja var með kaffið en gestir voru rúmlega 60 þennan dag.

Við áttum nokkra félaga sem tóku þátt í svokallaðri Íslandsgöngu sem eru 6 göngur á völdum stöðum á landinu. eru þetta hinar bestu skemmtanir og mikið lagt í verðlaunaafhendingu og kaffiveislu á eftir. Í boði eru vegalengdir sem henta öllum og þarna er alls konar fólk á öllum aldri ekki bara

Íslandsmeistarar. Ekki þarf að fara í allar 6 göngurnar, bara velja þær sem henta. Ég mæli með þessu, það er bara gaman að prófa eitthvað nýtt.



Orkugangan sem er okkar Íslandsganga var í apríl að venju og var þátttaka mjög góð eða 98 manns sem gerði hana að næststærstu Íslandsgöngunni árið 2016. Gengið var frá Þeistareykjum að Reyðarárhjúk sem eru um 22 km og Höfuðreiðarmúla að Reyðarárhjúk sem eru 10 km og 3 km hringur á svæðinu. Deginum var svo „slúttað“ í kjötsúpu og kökuveislu í Hvammi að lokinni verðlaunaafhendingu.

Skíðaganga er íþrótt sem hentar öllum og hvetjum við fólk til þátttöku og að nýta þá frábæru aðstöðu sem við höfum hérna við túnfótinn uppi á Reykjaheiði. Skíðagöngudeild Völsungs óskar ykkur öllum gleðilegra jóla með kæru þakklæti til þeirra fjölmörgu sem gera okkur kleift að stunda þessa íþrótt með því að flytja hús, grafa skurði, vinna við Orkugöngu, styrkja okkur, troða brautir og svo mætti lengi telja.

„Það gerir enginn rassgat einn“ einsog Mugison sagði og er mikið til í því.

**Fyrir hönd Skíðagöngudeildar Völsungs
Birkir Þór Jónasson**

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@simnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Íþróttafélagið Örninn

- Lítil saga af sigri -

Árið 1962 stofnuðu undirritaðir, þá tólf ára gamlir, íþróttafélag á Húsavík sem fékk nafnið Örninn. Tveimur árum áður hafði verið tekin í notkun ný bygging barna- og gagnfræðaskólans á Borgarhóli með glæsilegum íþróttasal sem var ekki lítill búhnykkur fyrir Húsvíkingsa. Íþróttæfingar á vegum Völsungs fóru fram í þessum sal, þ. á m. æfingar í handknattleik. Strákar á okkar aldri áttu þess ekki kost að æfa þá spennandi íþrótt í salnum og kraumaði af þeim ástæðum mikil óánægja í þeim hópi. Í þessu andrúmslofti varð Örninn til. Beinar, skriflegar heimildir um Örninn finnast því miður ekki og verður saga hans því rifjuð hér upp í stuttu máli eftir minni.

Það var að kvöldlagi vorið 1962 að við þrír Torgarar komumst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að una því lengur að fá ekki að æfa í salnum þó við værum bara tólf ára og hefðum þar með ekki náð fermingaráldri eins og tilskilið var. Við vildum sýna óánægju okkar í verki. Ofan á varð sem sagt að stofna íþróttafélag og reyna í krafti þess að bæta úr ástandinu.

Við norðurenda Grænavallar á Torginu var kaffiskúr á vegum bæjarins. Hann var ekki læstur frekar en önnur hús á þeim tíma og var því auðveldur inngöngu. Þar settumst við niður og stofnuðum Örninn. Oggi valdist sem formaður, Björn gjaldkeri og Sverrir ritari. Tilgangur félagsins var að gefa ungum drengjum tækifæri á að æfa handbolta. Við ræddum á fundinum hvernig hægt væri að koma fótum undir félagið og rak þá fljótt að nauðsyn peninga sem við yrðum einhvern veginn að afla. Hvort sem við ræddum það nú lengur eða skemur þá varð niðurstaðan sú að halda unglingadansleik til fjáröflunar.

Hófst nú undirbúningur dansleiksins með þeim ásetningi að tilkostnaður yrði sem minnstur. Ein danshljómsveit var á Húsavík á þessum tíma og hún var þannig skipuð að heimatökin voru hæg fyrir okkur. Hún hét BH-kvintettinn og í henni voru Birkir Haraldsson, Björn Línal, Benedikt Helgason, Hafliði Jósteynsson og Árni Gunnar Sigurjónsson. Hljómsveitin var þegar í stað ráðin á þeim kjörum að hún liti á ballið sem æfingu fyrir sig og fengi því ekkert fyrir sinn snúð – nema auðvitað ánægjuna.

Samkomuhúsið var eina húsið á Húsavík sem hægt var að halda ball í á þessum tíma. Við föluðumst eftir því og hvort við fengjum það ekki endurgjaldslaust. Var hvorttveggja auðsótt. Þá var aðeins eftir að ná lendingu með löggæsluna sem ekki yrði undan vikist og kom nú að þætti Jóels Sigurðssonar sem nýlega var orðinn lögregluþjónn á Húsavík. Við gengum á fund Jóels sem tók okkur ljúfmannlega. Við settum hann inn í málavöxtu sem honum þótti athyglisverðir og spennandi og tók að sér löggæslu fyrir hálf töl. Jóel var landsfrægur íþróttamaður fyrir lífseigt Íslandsmet sitt í spjótkesti. Í spjalli okkar við hann kom meðal annars fram að hann hafði orðið Íslandsmeistari og Reykjavíkumeistari í handbolta með meistaraflokki ÍR sem við vissum ekki og þótti okkur mikið til þess koma. Ekkert var nú lengur því til fyrirstöðu að halda ballið sem við auglýstum á ljósastaurum víðs vegar um bæinn og í glugga samkomuhússins.

Fregnin um dansleikinn flaug um staðinn og urðum við varir við mikinn spenning meðal unglunga og reyndar fullorðinna líka. Við gengum hnakkakerrtir um vettvang enda farnir að finna verulega til okkar. Á fallegu vorkvöldi streymdu unglingar í samkomuhúsið þar sem við stóðum í dyrum og framfylgdum því sem við höfðum ákveðið: aðgangur tíu krónur, aldurstakmark tólf ár og unglungum eldri en sextán ára stranglega bannaður aðgangur – og tjóaði hvorki nauð né nú. Dansinn sveif af stað uppi í salnum undir áslætti og lúðrablæstri hljómsveitarinnar og allt fór fram af kurteisni og gleði þeirra sem allt of sjaldan gafst kostur á að dansa og skemmta sér á balli.

Meðan þessu fór fram stóðu dyraverðir allt í einu frammi fyrir vanda. Átján ára ungling hafði borið að dyrum og fór hann ákveðið fram á aðgang. „EKKI til að tala um, góði minn, hér fer enginn eldri en sextán ára inn.“ En áfram hélt hann með hæfilegu hólum um þetta framtak og fór nú að bjóða meira en tíu krónur fyrir skemmtunina. Hann bauð tuttugu krónur, við vorum þverir; hann bauð þrjátíu krónur, enn vorum við þverir; hann bauð fjörutíu og samt þverskallast dyraverðir, þó verulega væri farið að reyna á prinsippid. En höfum við haldið að þannig yrði málið útkljáð þá var það alls ekki. Þegar hann bauð fimmtíu krónur þá gáfum við okkur og hann gekk sínum útskeifu skrefum upp í danssalinn.

Eftir velheppnað ball töldum við peningana áður en við tókum á okkur náðir sælir og ánægðir, og munaði nú um fimmtíu krónurnar. Strax morguninn eftir hringdum við suður í Hellas í Reykjavík og pöntuðum handbolta. Afganginn af innkomunni lögðum við inn á bók í Sparisjóðnum. Örninn var orðinn staðreynd, átti bolta og peninga í sjóði. Líða nú vordagarnir einn af öðrum hlýir og bjartir eins og tíðkaðist á Húsavík á þessum árum.

Dansleikurinn hefur sennilega orðið til að fullvissa stráka um að Örninn væri ekki ómarktæk bóla því nú gerist það að flestir strákar á okkar reki á Húsavík ganga í Örninn sem tútnaði út, stoltum stofnendum hans til óblandinnar gleði. Hópurinn, sem þannig þjappaðist saman, strákar úr útbænum, strákar úr suðurbænum og strákar af Torginu, ræddi í vængjaðri bjartu um framtíð félagsins og fóru sumir með himinskautum; það voru engar blikur á þeim himni - og einhverjum datt í hug að ráða Jóel sem þjálfara. En Örninn hafði komið róti á hugi fleiri en okkar.

Í þessu umhverfi andans lyftingar vorum við einn daginn boðaðir út á lögreglustöð og héldum þangað hikandi skrefum: Hvað höfðum við eiginlega unnið til þess? Þegar þangað kom voru þar fyrir Þormóður Jónsson, formaður Völsungs, og Jóel Íslandsmeistari. Nú var vissara að vera var um sig. Þormóður tók til máls, fór yfir nýjustu tíðindi, haldi okkur fyrir framtakið og áhuga á félagsmálum en benti okkur á að Húsavík væri ekki svo stór staður að skynsamlegt væri að hafa tvö íþróttafélög og hvort við værum ekki til viðræðu um að endurskoða hug okkar og tilvist Arnarins. Við sögðum, ekki alveg æsingalaust, að það kæmi alls ekki til greina, Örninn væri ekkert stundarfyrirbæri, væri nú þegar orðið stórt félag - og vorum fullir þverúðar. Gekk á þessu um hríð og komst Þormóður ekki að með framhald á erindinu.

Þegar þar kom að við mæddumst á þverúðinni sagði Þormóður að hann væri kominn til samninga við okkur í mestu vinsemd og hann vonaðist eftir samkomulagi sem allir gætu sæst á. Eins og á stóð áttum við bágt með að skilja hvers konar samkomulag það gæti orðið. Við fórum yfir ástæður þess að Örninn var stofnaður og okkur væri ekki kunnugt um að þær ástæður hefðu nokkuð breyst og





var nú aftur orðið tvísýnt um andlegt jafnvægi okkar. Skarst þá Jóel í leikinn og það okkur um að sýna stillingu, það vekti ekki fyrir formanni Völsungs að gera lítið úr Erninum eða beita ósanngirni á nokkurn máta. Þvert á móti hefði hann góða tillögu sem við skyldum ræða af yfirvegun.

Þeir kynntu tillöguna fyrir okkur sem snerist um það að slakað yrði á kröfum um aldurstakmark í íþróttasalinn flotta, allir tólf ára strákar fengu hér eftir að æfa handbolta í salnum. Hvort okkur litist ekki vel á þetta. Auk þess ætlaði Völsungur, vegna þess hvernig málin væru vaxin, að gera þá undantekningu að við fengjum nú þegar að æfa í salnum þó sumarlokun hefði í raun tekið gildi. Við slógum ekki hendinni á móti svo góðu boði. Og hvort við héldum ekki að félagar okkar í Erninum létu sér þetta vel líka. Við vorum orðnir opinmyntir af undrun. Og Völsungur ætlaði ekki að láta þar við sitja, sagði Þormóður, heldur byði hann okkur að Jóel yrði þjálfari okkar, sjálfur Íslandsmeistarinn í handknattleik fyrir nokkrum árum. Við göptum af undrun. Og hvort við værum ekki tilbúnir að láta Örninn liggja á milli hluta í bili.

Þetta var of stór skammtur í einu fyrir tólf ára stráka. Við höndluðum ekki augnablikið og urðum hálf ráðvilltir. Vel var boðið, en væri þá hlutverki Arnarins lokið, félagsins sem aðeins hafði lifað í nokkrar vikur? Öll stóru áformin fokin út í veður og vind? Vopnin slegin úr höndum okkar áður en við gætum beitt þeim? Fullorðnu mennirnir tveir virtust átta sig á því hvað þaut í gegnum huga okkar. Með hjálp þeirra skildist okkur smám saman að það sem allt málið snerist í raun og veru um hafði náðst fram. Við og Örninn stæðum með pálmann í höndunum! Við samþykktum ekkert en lofuðum að kynna tilboðið í félagahópnum og leggja því lið.

Eftir að hafa náð áttum og góðu jafnvægi fórum við að þreifa fyrir okkur í baklandinu. Þeir kappsömustu voru með hávaða: það væri greinilega úti um Örninn, sumir mölduðu í móinn og sögðust varla trúa því sem lofað væri, flestir voru þó kátir og hlökkudu til að komast í salinn og hafa Jóel sem þjálfara. Þannig hnappsátum við hópinn um tíma þar til kyrrð var komin á og við treystum okkur til að fullyrða við Þormóð og Jóel að nú gætum við byrjað að æfa.

EKKI stóð á viðbrögðum þeirra og var í snarhasti blásið til handboltaæfingar í salnum. Hvilík eftirvænting, hamingja, spenningur! Fyrsta æfingin í salnum rann upp með tilsögn Jóels í reglum íþróttarinnar: ekki meira en þrjú skref með boltann, ekki lengur með boltann en þrjár sekúndur. Hann kenndi okkur að grípa bolta, sem við þóttumst nú reyndar kunna, sendingar yrðu að vera ákveðnar, engar bogasendingar sem auðvelt væri fyrir mótherja að hirða. Við bárum virðingu fyrir Íslandsmeistarann sem hlaut að vita hvað hann væri að gera með öllum þessum undirstöðuatriðum íþróttarinnar, eins og hann sagði, þó okkur þætti það dragast úr hófi að hefja leikinn. Þá vildi hann ganga úr skugga um hvernig kastarar við værum, hvort við gætum skotið bolta skammlaust. Það var greinilegt að mannum var ekki kunnugt um að þarna voru saman komnir einhverjir mestu grjót- og snjókúlukastarar á byggðu bóli sem ekki létu sig muna um að skjóta á milli bæjarhluta ef þeir þurftu að minna á sig.

Þá forvitnaðist hann um hittni okkar án þess að gera sér grein fyrir að salurinn var fullur af strákum sem léku sér að því að splundra perum á ljósastaurum af löngu færi, og geigaði ekki skot. En þetta áttum við auðvitað erfitt með að segja sjálfum lögregluþjóninum og máttum gjöra svo vel að taka æfingu í hittni. Og fyrir vikið dróst enn að hefja leikinn.

En þar kom að Jóel þótti óhætt að skipta í lið og byrja leikinn. Óðara hófst mikill atgangur með stypingum, skellum og leifturskotum. Mátti þjálfarinn skakka leikinn áður en lengra yrði haldið, svona æsingur endaði bara með skelfingu, sagði hann. Í þessum látum öllum höfðum við mæðst mikið og veittist honum því auðvelt að hafa hemil á okkur það sem eftir var æfingarinnar. Það voru hamingjusamir strákar sem tíndust heim af þessari fyrstu handboltaæfingu í salnum, fullir tilhlökkunar og bjartsýni á framhaldið.

Lýkur hér þessu litla broti af íþróttasögu Húsavíkur.



Porkell Björnsson
Björn Steindór Haraldsson
Ásm. Sverrir Pálsson



PCC Bakki Silicon hf

óskar Völsungum, íbúum

Norðurljóms og landsmönnum

öllum glédilegra jóla og

farsældar á komandi ári.

Þökkum allt líðið og

hlökkum til samstarfs

á komandi árum.